

**Ed.**

## **111. Frumvarp til laga**

um viðauka við lög 29. desember 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1935).

### **1. gr.**

Atvinnumálaráðherra getur veitt Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, um tiltekið tímabil sömu aðstöðu, sem heimilt er að veita löggiltum saltfiskútflutjanda samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga 29. desember 1934 um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., að því er tekur til sölu og útflutnings á þeim saltfiski af framleiðslu ársins 1934, sem óseldur er, og sambandið hefir tekið að sér að selja samkvæmt umboði fiskeigenda, og skal þá sölusambandið háð fyrirmælum téðra laga, að öðru leyti en því, að eigi þarf að breyta fyrirkomulagi sambandsins frá því sem nú er, né skrásetja það samkvæmt síðustu mgr. 4. gr. laganna.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

### **Fylgiskjal.**

#### **Bráðabirgðalög**

um viðauka við lög 29. desember 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Atvinnumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að nauðsynlegt sé að veita Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, án þess að breyting sé gerð á fyrirkomulagi sambandsins eða það verði skrásett samkvæmt síðustu mgr. 4. gr. laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., um hæfilegan tíma sömu aðstöðu og gert er ráð

fyrir að löggiltur saltfiskútflytjandi geti fengið samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar, til þess að sölusambandinu verði unnt að annast útflutning og sölu á þeim fiski, af framleiðslu ársins 1934, sem enn er óseldur og sem sambandið hefir tekið að sér að selja samkvæmt umboði eigenda. Þá verður það og að teljast æskilegt að Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda veitist nokkur frestur til þess að ganga úr skugga um, hvort félagsmenn eru því fylgjandi að breyta lögum sambandsins þannig, að heimilt sé að veita því löggildingu sem saltfiskútflytjanda samkvæmt ákvæðum téðrar lagagreinar.

Þar sem svo stendur á sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, um tiltekið tímabil sömu aðstöðu, sem heimilt er að veita löggiltum saltfiskútflytjanda samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga 29. desember 1934 um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., að því er tekur til sölu og útflutnings á þeim saltfiski af framleiðslu ársins 1934, sem óseldur er, og sambandið hefir tekið að sér að selja samkvæmt umboði fiskeigenda, og skal þá sölusambandið háð fyrirmælum téðra laga, að öðru leyti en því, að eigi þarf að breyta fyrirkomulagi sambandsins frá því sem nú er, né skrásetja það samkvæmt síðustu mgr. 4. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 26. janúar 1935.*

**Christian R.**  
(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*